

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 3	Dagsetning	1. febrúar 2019	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	JÁJ			
Fundarboð fengu	Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi	HÓS og MG			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 1. febrúar 2019

### 1. Stjórnendastefna

Drög að stjórnendastefnu ríkisins hafa verið birt á samráðsgáttinni. Mikilvægt er að tryggja sé að ákvarðanir um að auglýsa störf forstöðumanna séu gerðar í samræmi við fyrirfram ákveðnar reglur/ferla. Vilji ráðherra er ekki lögskýringargagn. Á t.d. að auglýsa störf ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra að fimm árum liðnum? Það er mikilvægt að menn viti að hverju þeir ganga þegar sótt er um störf forstöðumanns. Einnig er mikilvægt að auglýsingar um störf forstöðumanna séu samræmdar.

Samþykkt að óska eftir fundi með fjármálaráðherra og halda áfram að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra.

### 2. Samninganefnd ríkisins

Sverrir Jónsson hjá KMR hafði samband við Margréti Hauksdóttur og óskaði eftir fulltrúa frá FFR í 14 manna samninganefnd ríkisins. Vegna kynjahlutfalla í nefndinni óskaði Sverrir eftir því að annaðhvort Margrét eða Kristín myndu taka sæti í samninganefnd ríkisins.

Meirihluti fundarmanna taldi nauðsynlegt og mikilvægt fyrir félagið að taka þátt í þessari vinnu. Samþykkt að Margrét tæki sæti í samninganefnd ríkisins fyrir hönd FFR.

Samþykkt að greiða lögmanni fyrrverandi forstjóra Matís allt að 10 tíma vegna vinnu við að skrifa bréf til stjórnar Matís.

### 3. Almannaengill

MH gerði grein fyrir samskiptum sínum við GPS og ætlar að senda talpunkta til stjórnarmanna.

### 4. Önnur mál

Samþykkt að stjórnin komi saman miðvikudagskvöldið 13. febrúar og kveðji Gissur Pétursson og Svanhvíti Jakobsdóttur, en þau hættu bæði í stjórn félagsins um áramótin.